

Styrkir frá NATA

Samstarf Íslands, Grænlands og Færeyja á sviði ferðamála

TIL VERKEFNA Í FERÐAÞJÓNUSTU

Allir sem starfa að eflingu ferðaþjónustu í samstarfi landanna þriggja geta sótt um styrk. Skulu verkefnin fela í sér samstarf milli aðila í tveimur af löndunum þremur hið minnsta. Dæmi um verkefni sem NATA styrkir eru:

- Til nýsköpunar- og vöruþróunarverkefna
- Til sameiginlegra markaðssetningarverkefna
- Til þekkingarheimsókna og miðlunar gagnkvæmrar reynslu milli ferðaþjónustuaðila
- Til gæða- og umhverfismála innan ferðaþjónustunnar

Hámarksstyrkur til verkefnis er 100 þúsund danskar krónur, eða að hámarki 50% kostnaðaráætlunar.

TIL KYNNIS- OG NÁMSFERÐA

Um er að ræða ferðastyrki til þeirra sem vinna að samstarfsverkefnum sem varða tvö af löndunum þremur hið minnsta. Hámarksstyrkur á hvern einstakling er 2.000 danskar krónur vegna ferða milli Íslands og Grænlands annars vegar og 1.000 danskar krónur vegna ferða á milli Íslands og Færeyja hins vegar. Ekki eru veittir styrkir vegna gistingar og uppihalds.

Sækja má um styrk til kynnis- og námsferða eftirtaldra:

- Skóla
- Íþróttahópa
- Tónlistarhópa
- Annars menningarsamstarfs

Stjórn NATA mun árið 2025 líta sérstaklega til umsókna þar sem áhersla er á sjálfbærni og stafræna væðingu í ferðaþjónustu.

Ítarlegar upplýsingar ásamt umsóknareyðublöðum á ensku og dönsku er að finna á vef NATA www.nata.is. Frekari upplýsingar veitir Erla Weihe Johannesen hjá NATA – nata@vinnuframi.fo

Lokafrestur til að skila umsókn er 8. sept. 2025

Niðurstaða stjórnar NATA mun liggja fyrir 10. okt. 2025.

Athugið að verkefni með áætluð verklok fyrir 10. okt. 2025 teljast ekki styrkhæf.

NATA er samstarfssamningur ferðamálaráðuneyta í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi. Markmið samningsins er að auka skilvirkni í samstarfi aðila er sinna ferðamálum í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi með því að styrkja, samhæfa og tryggja framboð samvinnuverkefna aðildarlandanna á þeim sviðum ferðamála þar sem þau eiga einkum sameiginlegra hagsmuna að gæta.